



---

# Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 4. desember 2019



## **Sjöundi fundur 62. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 4. desember 2019 kl.12.00.**

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Kristín Þórðardóttir, Magnús Karl Daníelsson, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Daði Hafþórsson og Inga Lilja Lárusdóttir

Fjarverandi: Engin

### **Þetta gerðist:**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 10 mánaða uppgjör  
AP kynnti 10 mánaða uppgjör.
3. Skýrsla formanns og framkvæmdastjóra
  - a. Formannafundur HSÍ  
GBO og RG fór yfir formannafund HSÍ sem haldinn var 23. Nóvember sl. Stærsta málið fyrir fundinum var staða liða í meistaraflokki og samþjöppun leikmanna. Stofnuð var formannafund sem mun funda um málið og skila inn tillögum fyrir formannafund sem verður í febrúar. Þá voru félögin einnig beðin um að skoða með hvaða hætti við ættum að hafa lokahóf HSÍ. Þá var breytt fyrirkomulag bikarúrslita samþykkt en helgin mun hefjast á miðvikudegi í stað fimmtudags.
  - b. Formannafundur ÍSÍ  
GBO fór yfir formannafund ÍSÍ sem var sl. föstudag. Áhugavert erindi var á fundinum um forvarnir íþróttá gagnvart vímuefnanotkun. Efni þess verður kynnt fyrir félögunum. Þá skiluðu nokkrar vinnunefndar áfangaskýrslum.
  - c. Landsleikir gegn Færeyjum (A kvenna)  
RG fór yfir verkefni A landsliðs kvenna en liðið lék gegn Færeyjum í lok nóvember. Verkefnið gekk vel og 2 öruggir sigrar. Liðið mun hittast aftur í mars í æfingabúðum í Vestmannaeyjum.
  - d. Hópur A landsliðs karla fyrir EM  
RG kynnti 28 manna hóp sem Guðmundur Guðmundsson hefur valið fyrir EM í janúar.
4. Erindi frá Júlíus Hafstein varðandi handboltabók  
RG og Júlíus Hafstein hafa rætt saman um að gefa út handboltabók í framhaldi af Sögu handknattleiks og myndi sú bók fjalla um árin 2010-2020. Vinnuheiti bókarinnar yrði Handbolti í 100 ár. JVS og RG stofna nefnd um verkið.
5. Búningamál HSÍ  
RG kynnti stöðu búningamála HSÍ. RG vinnur áfram málið og kynnir fyrir stjórn fyrir jól.
6. Uppsagnir hjá fjölmiðlum  
Stjórn HSÍ samþykkti yfirlýsingu þar sem áhyggjum er komið á framfæri um stöðu mála og þær uppsagnir sem hafa átt sér stað á fjölmiðlum.
7. Önnur mál
  - a. GBO kynnti aðeins stöðu vinnu varðandi þjóðarleikvanga og skipun í vinnuhóp á vegum menntamálaráðuneytisins varðandi þjóðarleikvanga.



Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 8. janúar kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari